

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1374
komudagur 16.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2004

Umsögn laganeftdar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj 138 - 138. mál.

Laganeftd Lögmannafélags Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við núgildandi 210. gr. almennra hegningarlaga, svokölluðu klámákvæði. Á umræddu lagaákvæði hafa á undanförunum árum verið gerðar nokkrar breytingar, einkum í tengslum við barnaklám.

Laganeftd telur að 210. gr. eins og hún er nú, gæti verið skýrari. Hins vegar telur laganeftd ekki að málsgrein sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir að bætist við laga-greinina, geri hana gleggri eða nái þeim tilgangi frumvarpsins að auka refsivernd barna.

Laganeftd hefur áður í umsögnum sínum um ýmis frumvörp til breytingar á almennum hegningarlögum bent á að nauðsyn sé heildarendurskoðunar á lögnum. Á það ekki síst við um kynferðisbrotakafla laganna.

Samkvæmt núgildandi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum að “...dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum”. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing orðið fangelsi allt að 2 árum, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 39/2000. Það að senda barni kynferðislegt eða klámfengið efni með tölvu- eða fjarskiptatækni sýnist laganeftd að félli undir ákvæðið eins og það er nú, og að nokkru undir ákvæði 209. gr. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir auknu refsihámarki í 210. gr. sé móttakandinn barn.

Sýnist laganeftd frumvarpið samkvæmt þessu óþarft og mælir ekki með samþykkt þess. Jafnframt ítrekar laganeftd fyrri ummæli sín um brýna nauðsyn heildarendurskoðunar á almennum hegningarlögum, ekki síst kynferðisbrotakafla þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. laganeftdar LMFÍ

Jóhannes R. Jóhannsson, hrl., formaður